

Samþykkt um skilti í lögsögu Vestmannaeyja

I KAFLI

Gildissvið, markmið, skilgreiningar og staðsetning

1. gr. Markmið

Að hafa stjórn á stærð, uppsetningu og staðsetningu skilta í lögsögu Vestmannaeyja þannig að þau ógni ekki öryggi akandi og gangandi vegfarenda

Að þau séu íbúum bæjarins ekki til ama eða óþæginda og að þau hafi ekki spillandi áhrif á umhverfi og ásýnd bæjarins.

Að auðvelda afgreiðslu umsókna um skilti.

2. gr. Gildissvið

- 1.1 Samþykkt þessi er sett sbr. ákvæði Mannvirkjalaga nr.160/2010. Um skilti utan þéttbýlis gilda einnig ákvæði 35. og 43. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og um mannvirki á vegsvæðum gilda ákvæði vegalaga nr. 80/2007.
- 1.2 Samþykkt þessi gildir um hvers konar skilti og auglýsingar sem sótt er um leyfi fyrir hjá embætti byggingafulltrúa eða umhverfis- og skipulagsráði, eftir gildistöku samþykktar, svo og um breytingar á reglugerð.
- 1.3 Undanþegin ákvæðum þessum eru þó:
 - a) skilti sem gefa til kynna heiti, starfsemi, vöru, þjónustu og afgreiðslutíma fyrirtækja/stofnanna á viðkomandi lóð og eru eigi stærri en 1,5 m².
 - b) skilti allt að 2,0 m² að stærð sem ætlað er að standa skemur en tvær vikur.
 - c) skilti sem sett eru upp samkvæmt ákvæðum umferðarlaga
 - d) auglýsingar á íþróttaleikvöngum enda snúi þær inn á við að leikvanginum.
 - e) auglýsingar sem eru órjúfanlegur hluti af hönnun byggingar.
 - f) bráðabirgðaskilti sem veita upplýsingar um nýbyggingar, breytingar eða viðgerðir á mannvirkjum séu þau staðsett á viðkomandi lóð og eigi stærri en 3,0m². Á þessum skiltum skulu aðeins koma fram upplýsingar varðandi mannvirkið, þær framkvæmdir sem um er að ræða, upphafstíma og verklok framkvæmdanna, og þá sem að þeim standa.
 - g) lausaskilti (skilti sem ekki eru með varanlegum festingum við jörð eða mannvirki, t.d gormaskilti eða dagskilti) sem að jafnaði standa aðeins á opnunartíma starfsstöðvar. Stærð skilta skal ekki vera meiri en 0.75m². og skulu skilti vera innan lóðarmarka eiganda.
- 1.4 Reglurnar öðlast gildi við samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja.

3. gr. Skilgreiningar

Með orðunum skilti og auglýsing og öðrum samsvarandi orðum er í samþykkt þessari er átt við hvers konar texta, myndir eða myndverk ásamt tilheyrandi auglýsingastandi, glerfilmu, borðum, spjöldum og öðrum sambærilegum tilfæringum,

sem ætlað er að vekja athygli almennings á vörum, þjónustu eða starfsemi hvers konar. Gildir þá einu hvort þau eru hreyfanleg eða föst eða komið fyrir til lengri eða skemmri tíma, hvort þau eru á einkalóð, opinberu svæði eða mannvirki né hvernig þeim er komið fyrir, t.d. hvort þau eru máluð á húsvegg, mynduð með lýsingu eða með öðrum sambærilegum hætti.

4. gr.

Staðsetning

Skilti einkaaðila skulu staðsett innan lóðamarka eigandans nema í sérstökum undantekningum, t.d. skilti með upplýsingum um bifreiðastæði. Við staðsetningu skal þess gætt að þau gangi ekki á rétt nágrannans. Gæta skal þess að þau skapi ekki slyshættu. Leyfi lóðarhafa þarf til þess að koma skilti og eða auglýsingu fyrir.

II KAFLI

Umsóknir og leyfisveitingar

5. gr.

Umsóknir

Hver sá sem óskar leyfis til að koma fyrir skilti eða auglýsingu skal skila skriflegri og undirritaðri umsókn til byggingarfulltrúa.

Hverri umsókn skal fylgja:

- a) Nafn, heimilisfang og símanúmer eiganda skiltis eða auglýsingar.
- b) Heiti lóðar sem umsóknin tekur til.
- c) Málsett afstöðumynd í mkv. 1:500,
- d) Útlitstmyndir og sneiðingar í mælikvarðanum 1:100 eða 1:200 auk texta sem á skiltinu á að vera sem og aðrar upplýsingar sem taldar eru nauðsynlegar. Ljósmynd sem sýnir hvar skilti skal komið fyrir.
- e) Greinagerð um uppsetningu, festingar og gerð skiltis
- f) Nafn og heimilisfang þess sem hannar skiltið.
- g) Undirritað samþykki lóðarhafa eða meðlóðarhafa.
- h) Aðrar upplýsingar sem byggingarfulltrúi telur nauðsynlegar.

Um rétt til þess að gera aðaluppdrætti og séruppdrætti af skiltastöndum og burðarvirkjum eða byggingarhlutum er kunna að fylgja skiltum fer eftir ákvæðum V. Kafla mannvirkjalaga nr. 160/2010

Um rétt til þess að setja upp skilti og auglýsingar fer eftir ákvæðum mannvirkjalaga nr.160/2010.

6. gr.

Leyfisveitingar

Byggingarfulltrúi veitir leyfi fyrir skiltum og auglýsingum ef umsókn uppfyllir ákvæði samþykktar þessarar. Þegar sérstaklega stendur á, getur hann vísað umsókn til umhverfis- og skipulagsráðs. Umsóknir um leyfi fyrir fletti- og ljósaskiltum skulu þó jafnan lagðar fyrir umhverfis- og skipulagsráðs.

Byggingarfulltrúi getur heimilað uppsetningu bráðabirgðaskilta og skulu þau ekki sett upp fyrr en 4 vikum fyrir viðburð. Þau skal taka niður eigi síðar en tveimur dögum eftir viðburð.

Byggingarfulltrúi og byggingarnefnd geta gefið tímabundin leyfi fyrir skiltum og auglýsingum.

Óheimilt er að setja upp eða koma fyrir auglýsingu eða skilti, þótt leyfisumsókn hafi hlotið endanlegt samþykki, fyrr en leyfisgjald hefur verið greitt og iðnmeistarar, eftir því sem við á, hafa áritað yfirlýsingu um ábyrgð sína á verkinu.

Ef leyfisgjald er ekki greitt og viðeigandi iðnmeistarar hafa ekki áritað yfirlýsingu um ábyrgð sína innan 12 mánaða frá endanlegri samþykkt leyfisumsóknar, fellur leyfið úr gildi.

Byggingarfulltrúaembættið innheimtir leyfisgjald vegna skilta. (fellur undir afgreiðslu- og fyrirspurnargjald byggingarfulltrúa).

7. gr. Eftirlit

Eftirlit með skiltum og leyfum fyrir þeim er í höndum byggingarfulltrúa í umboði umhverfis- og skipulagsráðs. Hann skal ganga úr skugga um að uppsett skilti séu í samræmi við leyfi og vekja athygli umsækjenda á annmörkum og frávikum.

Þegar skilti (auglýsing) er sett upp án leyfis og / eða stríðir gegn ákvæðum samþykktar þessarar, skal byggingarfulltrúi, ef hann álítur skiltið samræmast ákvæðum skora skriflega á eiganda/eigendur þess eða lóðarhafa ef eigandi er ókunnur, að sækja um leyfi fyrir því innan tímamarka, sem byggingarfulltrúi ákveður og sem skulu að jafnaði ekki vera skemmri en tvær vikur. Verði eigandi skiltis, eða eftir atvikum lóðarhafi, ekki við áskorun byggingarfulltrúa, eða telji byggingarfulltrúi hættu stafa af óleyfisskilti, skal fara með slík mál eftir ákvæðum 9. kafla byggingarreglugerðar.

8. gr. Eldri skilti

Byggingarfulltrúi getur krafist að eldri skilti sem sett hafa verið upp án leyfis, verði fjarlægð án fyrirvara, ef ætla má að þau hafi verulega truflandi áhrif á umferð eða valdi umhverfisspjöllum.

III KAFLI Refsi- og gildistökuákvæði

9. gr. Refsiákvæði

Ef aðili sinnir ekki fyrir mælum byggingarfulltrúa eða umhverfis- og skipulagsráðs innan tilskilins frests, eða brýtur á annan hátt gegn ákvæðum samþykktar þessarar, getur umhverfis- og skipulagsráð beitt ákvæðum 9 X. kafla mannvirkjalaga nr. 160/2010.

Eldri reglugerð um skilti fellur úr gildi við gildistöku samþykktar.

samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði 15.12.2014.
staðfest í bæjarstjórn 22.12.2014.

